



Námskrá Krummafótar



Stefna Krummafótar

Á Íslandi eiga uppeldisstörf sér hugmyndafræðilegan bakgrunn í forskólauppeldi sem á sér djúpar rætur í hugmyndasögu vestrænnar menningar. Upphafsmenn forskólauppeldis í Evrópu og Bandaríkjunum hafa sótt bæði hugmyndir og kenningar í rit ýmissa uppeldisfrömuða og heimspekinga (*Uppeldisáætlun fyrir leikskóla* 1993:11)

Hugmyndafræði leikskólans Krummafótar byggist fyrst og fremst á lögum um leikskóla og *Aðalnámskrá leikskóla* (2011) sem er lögfest námskrá leikskóla og ramminn sem hugmyndafræðin byggir á. Skólastefna Grýtubakkahrepps er höfð að leiðarljósi með einkunnarorðin „Hugur, hönd og heimabyggð“ og fléttast umhverfi og samfélag okkar inni starf skólans. Einnig byggist starfið á lífsviðhorfi, gildismati, þekkingu og reynslu starfsmanna ásamt kenningum sem settar hafa verið fram af fræðimönnum og rannsóknnum sem gerðar hafa verið á leikskólastarfi. Í Krummafæti er mikil áhersla lögð á frjálsan leik sem eina af mikilvægustu náms og þroskaleiðum barnsins. Einnig er grenndarnám og umhverfismennt stór þáttur í starfi leikskólans. Meginmarkmið með grenndarnámi er að nemendur kynnist sínu eigin umhverfi og verði betur í stakk búnir til að takast á við lífið og tilveruna (Bragi Guðmundsson 1999:34).

Aðferðafræði þessa má annars vegar tengja hugmyndum bandaríska menntafrömuðsins og heimspekingins John Dewey um menntamál. Dewey lagði áherslu á þátttöku skólans í daglegu lífi og mikilvægi þess að nemendur fengju tækifæri til að kynnast grunnþáttum samfélagsins og þroska með sér hæfni til að verða virkir þátttakendur í því. Hann sá skólann jafnframt fyrir sér sem lýðræðislegt samfélag þar sem ólíkir einstaklingar vinna saman sem heild og réttur hvers og eins til að taka þátt og tilheyra er virtur (Jóhanna Einarsdóttir 1997:28). Lögð var áhersla á að kennsla yngstu barna miðaði við rannsóknir á nánasta umhverfi þeirra, frá því sem næst var til þess sem lengra var í burtu (Jóhanna Einarsdóttir 1997:30). Hins vegar tengjast hugmyndir John Dewey hugmyndafræði Reggio Emilio. Hugmyndasmiður þeirrar stefnu er Loris Malaguzzi, ítalskur kennari og sálfræðingur. Malaguzzi byggði stefnu sína á áhuga og þörfum barnsins þar sem áhersla er á samstarf allra aðila er standa að leikskólastarfinu þ.e. barna, starfsfólks, foreldra og umhverfis (Miles Gordon og Williams-Browne 1996:24-25). Jafnframt er litið á umhverfið sem þriðja kennarann ásamt börnum og kennurum og lögð er áhersla á að nýta öll þau tækifæri sem umhverfið hefur upp á að bjóða til fræðslu. Hver leikskóli hefur sína menningu og sitt umhverfi sem ber að nýta (Guðrún Alda Harðardóttir, 2001:18). Á þessu má sjá að hugsunin á bak við hugmyndafræði Reggio Emilia er í takt við þær hugmyndir sem grenndarfræði byggir á. Nánasta umhverfi barnsins er í hávegum haft og kennarar hvattir til að nýta það sem umhverfi og menning samfélagsins í hverjum leikskóla hefur upp á að bjóða.

Grunnþættir menntunar

Leikskólinn Krummafótur vinnur markvisst eftir grunnþáttum menntunar en þeir skiptast niður í sex þætti. Grunnþættirnir snúast um að gera börn og ungmenni læs á eigið umhverfi, samfélag, menningu og náttúru. Jafnframt að þau læri að byggja sig upp líkamlega og andlega, vinna með öðrum og bjarga sér í samfélaginu (*Aðalnámskrá leikskóla*, 2011:14).

1. Læsi (*Aðalnámskrá leikskóla*, 2011:16–17)

Læsi hefur löngum verið tengt þeirri kunnáttu og færni sem fólk hefur til þess að lesa og skrifa. Það hefur snúist um kerfi tákna, sem er prentmálið. Með tímanum hafi hugmyndir um læsi breyst með tilkomu tölva og annarrar stafrænnar tækni. Við þurfum ekki aðeins að geta ráðið í hugsun og merkingu í ritmálinu heldur þurfum við að geta tengt það því sem við höfum reynt og upplifað. Á einfaldan hátt þá snýst læsi um samband orðanna við lífið sjálft, raunveruleikann og það sem við tökum okkur fyrir hendur. Meginmarkmið læsis er því að börn verði fær um að túlka á eigin hátt þær upplýsingar sem þau lesa með hjálp miðla og tækni.

Tjáning og samskipti í leik og starfi eru mikilvægustu verkfæri barnsins til að lesa í umhverfið og tengjast samfélaginu sem það býr í. Í leikskólanum er reynt að fylgja eftir og styðja frumkvæði barnanna og skapa svigrúm fyrir leiki sem auka áhuga þeirra og sjálfstraust á læsisbrautinni. Í Krummafæti leggjum við áherslu á að börnin fái tækifæri til að tjá sig og lesa í umhverfið og nærsamfélagið á fjölbreytilegan hátt með prentmáli, myndmáli og þátttöku í daglegu lífi.

Markmið Krummafótar að bættu læsi barna á umhverfið er að þau:

- Tileinki sér aukin orðaforða með því að læra hugtök og ný orð.
- Kynnist merkingu ritmáls.
- Læri merkingu tungumálsins í gegnum leikinn og daglegt starf.
- Kynnist merkingu myndmáls í umhverfi leikskólans.
- Verði fær um að setja orð yfir hugsanir sínar og tilfinningar.
- Efli sjálfsmýnd og sjálfstraust.
- Verði fær um að lesa í nánasta umhverfi og nærsamfélag.



Leiðir

- Lestur bóka og umræður í samverustundum sem leiðir til aukins orðaforða.
- Ritmál sé sýnilegt í umhverfinu, t.d. nöfn barnanna á hólfum og gámum, svæði merkt með nöfnum, bókstafir sýnilegir o.þ.h.
- Vinna með bækur og bókalestur, vísur og þulur.
- Gefa sér tíma í samræður og vangaveltur, spurningar og svör um lífið og tilveruna.
- Gefa börnunum tækifæri til að segja frá, frá eigin brjósti. Sem eflir og þroskar sjálfstraust barna.
- Fara í heimsóknir innan samfélagsins svo börnin fái tækifæri til að læra að lesa í aðstæður og daglegt líf í sýnu umhverfi.



2. Sjálfbærni (Aðalnámskrá leikskóla 2011:17-19)

Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Algengasti skilningur á hugtökunum sjálfbærni og sjálfbær þróun felur í sér að við skilum umhverfinu til afkomendanna í ekki lakara ástandi en við tókum við því. Hugsunin margt smátt gerir eitt stórt skiptir miklu máli í þessu samhengi og leggur starfsfólk áherslu á þá hugsun í öllu skólastarfi. Börnin þurfa því að læra að þekkja, skilja og virða náttúruna ekki aðeins vegna verðleika hennar heldur einnig þeirri þjónustu sem hún veitir mannfólkinu. Markmið menntunar er því geta til aðgerða sem felur í sér þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum sem stuðlar að auknum áhuga og vilja á meðal barna og ungmenna til að taka þátt í samfélaginu.

Í Krummafæti leggjum við áherslu á að börnin læri að bera virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu og séu virkir þátttakendur í samfélaginu. Með því að börnin fái tækifæri til að kynnast samfélaginu með heimsóknum sem tengjast atvinnulífinu og hinu daglegu lífi stuðlum við að ábyrgum og meðvituðum borgurum.

Markmið Krummafótar að aukinni sjálfbærni barna á umhverfið er að þau:

- Læri að þekkja sitt nánasta umhverfi.
- Læri að virða og vernda náttúruna.
- Taki þátt í að gera umhverfi leikskólans hreinna og snyrtilegra.
- Verði meðvituð um mikilvægi þátt endurvinnslu í umhverfismálum.
- Kynnist samfélaginu sem þau búa í á markvissan hátt.



Leiðir

- Fara í gönguferðir með börnin um þeirra nánasta umhverfi sem við nýtum okkur til náms og leikja.
- Að reglulega sé farið með börnin út að tína rusl á leikskólalóðinni og í nánasta umhverfi.
- Umræður í samverum og hópstarfi um umhverfismál og endurvinnslu.
- Vekja börnin til umhugsunar um hófsemi í orkunotkun, svo sem rafmagnsnotkun og vatnsnotkun.
- Fræða börnin um mikilvægi endurvinnslu með því kenna þeim að flokka rétt í endurvinnslukassa og sýna fram á að hægt er að gefa gömlum hlutum nýtt líf með ýmiskonar sköpun.
- Fara í heimsóknir vítt og breitt um þorpið og sveitina svo börnin fái á sem fjölbreyttastan hátt að kynnast lífinu í samfélaginu.



Lýðræði og mannréttindi (Aðalnámskrá 2011:19-20)

Með lýðræði taka einstaklingar afstöðu til siðferðislegra álitamála og virkan þátt í mótun samfélagsins. Forsenda þess er samábyrgð og meðvitund allra í samfélaginu sem gerir þá færa um að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Lýðræði er mikilvægt innan skólans og taka þarf tillit til áhuga nemenda og ábyrgð þeirra á eigin námi í viðfangsefnum skólastarfsins. Umhyggja fyrir fólki, dýrum og umhverfi er einnig hluti lýðræðismenntunar og á heima í öllu starfi leikskólans.

Lýðræðis- og mannréttindamenntun byggist á gagnrýnni hugsun og ígrundun um grunnildi samfélagsins. Í Krummafæti er lögð áhersla á gott samstarf við heimili barnanna með þátttöku foreldra og annarra fjölskyldumeðlima í hinum ýmsu viðburðum og uppákomudögum. Einnig er áhersla lögð á grenndarsamfélagið innan sveitarfélagsins sem stuðlar að þátttöku í því að skapa samábyrgt og sjálfbært samfélag.

Markmið Krummafótar að aukinni þekkingu barna um lýðræði og mannréttindi er:

- Að börnin fái að taka þátt í umræðum á lýðræðislegan hátt.
- Að stuðla að góðu samstarfi við heimili barna og þátttöku foreldra í skólastarfinu.
- Að börnin fái tækifæri til að kynnast grenndarsamfélagi sínu á markvissan hátt.



- Að barnið komist í kynni við lifandi dýr og umgangist þau af virðingu.

Leiðir

- Að skapa grundvöll fyrir umræður þar sem hver og einn fær tækifæri til að tjá skoðanir sínar og hugsanir á jafnréttisgrundvelli.
- Að foreldrar viti að þeir séu alltaf velkomnir í leikskólann og hafa sérstaka daga þar sem foreldrarnir taka þátt í starfi leikskólans.
- Heimsóknir í fyrirtæki og samstarf við aðrar stofnanir í sveitarfélaginu eins og grunnskólann og Grenilund.
- Fara í sveitaferð á hverju vori og heimsóknir á sveitabæi þar sem börnin komast í nálægð við lifandi dýr.
- Nýta göngu- og vettvangsferðir til að vekja athygli á fjölbreyttu dýralífi allt í kringum okkur.



Jafnrétti (Aðalnámskrá 2011:19-20)

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa jöfn tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi. Jafnrétti nær til margra þátta má þar nefna aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarhátt, lífsskoðanir, menningu, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni og þjóðerni. Ofangreindir þættir geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks og því þarf að fara fram menntun til jafnréttis á öllum skólastigum. Einnig ber að leggja áherslu á að drengir og stúlkur eigi sem víðtækasta og jafnasta möguleika og að hvergi í skólastarfinu sé hindranir í vegi hvors kynsins. Leggja skal áherslu á rétt allra til náms og skóla án aðgreiningar í öllu skólastarfinu (Aðalnámskrá leikskóla, 2011:19–20).

Krummafótur er lítið leikskólasamfélag og þar er lögð áhersla á að hver og einn einstaklingur skipti máli óháð kyni, aldri eða litarhætti. Mikil áhersla er lögð á að allir séu vinir, geti verið saman í leik og starfi og samskipti barna og fullorðinni fari fram af virðingu og á jafnréttisgrundvelli. Krummfótur hefur verið að innleiða jákvæðan aga. Stefnan aðstoðar meðal annars starfsmenn við að kynna mismun samfélagsins svo sem með barnafundum.

Markmið Krummafótar til þess að auka þekkingu barna á jafnrétti:

- Að skapa börnum námsaðstæður við hæfi.
- Að starfsfólk sé meðvitað um að tryggja velferð allra barna í leikskólanum.
- Að tryggja gott foreldrasamstarf við alla foreldra óháð uppruna þeirra.
- Að stuðla að víðsýni og umburðarlyndi barnanna gagnvart hvort öðru.
- Að fjalla ekki um ein trúarbrögð fram yfir önnur.



Leiðir

- Að sjá til þess að börn geti nálgast viðfangsefni sín á eigin forsendum og þau sem hafa sérþarfir fái stuðning við hæfi.
- Að hafa umræður um mismunandi menningu og aðstæður leikskólabarna á starfsmannafundum til að fyrirbyggja fordóma.

- Að láta foreldra finna að starfsfólkið sé reiðubúið til að spjalla og hjálpa þegar þörf er á. Upplýsingar eru veittar á heimasíðu skólans, í gegnum fréttabréf og tölvupóst. Fyrir þá foreldra sem ekki tala íslensku er fréttabréfi snúið yfir á tungumál sem þeir skilja eða jafnvel kallaður til túlkur þegar þörf er á.
- Umræður um virðingu og tillitsemi er rauði þráðurinn í öllu leikskólastarfinu. Þegar aðstæður gefa tilefni til er spjallað um hvernig rétt sé að bregðast við í því tilfalli.
- Leitast við að kynna menningu þeirra þjóðarbrotta sem í leikskólanum eru, t.d. í þemavinnu.
- Fræðsla um almenn siðferðferðisgildi eiga að vera á höndum leikskólakennara.
- Barnafundur þar sem hægt er að ræða málefni líðandi stundar og það sem uppá kemur hverju sinni.



Heilbrigði og velferð (Aðalnámskrá 2011:21-23)

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Allt skólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan þar sem börn og ungmenni eyða stórum hluta dagsins í skóla. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti og skilningur á eigin tilfinningum og annarra. Í skólanum þarf að skapa börnunum aðstæður til heilbrigðra lífshátta og er markmið þess m.a. að styðja þau þannig að þau geti tekið upplýstar og ábyrgar ákvarðanir í tengslum við eigið heilbrigði. Einnig þarf að leggja áherslu á uppeldis og félagslegt gildi máltíða m.a með því að stuðla að heilsusamlegu fæðuvali og nægum tíma til að nærast. Öll börn þurfa að fá tækifæri til að njóta styrkleika sinna sem er lykilþáttur í að byggja upp jákvæða sjálfsmynd. Með því að gefa áhugasviðum þeirra rými í skólastarfinu og hlúa að jákvæðri sjálfsmynd gefst tækifæri til að vinna út frá styrkleikum og áhuga hvers og eins og efla þannig heilbrigði (Aðalnámsskrá leikskóla, 2011:21).

Í Krummafæti leggjum við áherslu á daglega hreyfingu í öruggu og hvetjandi umhverfi. Mikil áhersla er á útiveru og gönguferðir um nánasta umhverfi og teljum við það stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðana og hreysti almennt. Einnig er hollur og góður heimilismatur hafður að leiðarljósi í gerð matseðla og passað upp á að allir fæðuflokkar séu í boði.

Markmið Krummafótar til að auka og bæta heilbrigði og velferð á meðal barna:

- Veita börnum tækifæri á fjölbreyttri hreyfingu og útivist.
- Að börnin fái hollt og næringarríkt fæði.
- Að börnin læri góða siði í daglegum atöfnum.
- Að börnin öðlist jákvæða sjálfsmynd.
- Að börnin fái tækifæri á rólegum stundum í starfinu.



Leiðir

- Að börnin fái tækifæri á ögrandi og krefjandi útivist, hvort sem er inni á leikskólalóðinni eða með gönguferðum um nánasta umhverfi.

- Að börnin fái frjálsa hreyfingu í leik og starfi auk þess að fá skipulagðar hreyfistundir eins og dans, þrautabrautir o.fl.
- Að börnin fræðist um hvað er hollt og gott í fæðunni t.d. með umræðum í matartímum.
- Að matseðilinn sé samansettur með fæðuflokkana til hliðsjónar og að ávextir og grænmeti séu hluti af daglegri fæðu.
- Að börnin temji sér góða borðsiði og hreinlætisvenjur t.d. með handþvotti og þvottastykki til að þvo andlit og hendur eftir máltíðir.
- Að efla trú barnanna á eigin getu með því að leyfa þeim að takast á við nýjar aðstæður og ný verkefni.
- Að skapa notalegar stundir í starfinu sem veita slökun og ró t.d. með því að lesa bækur, hlusta á sögur og draga úr áreiti og hávaða.
- Að kenna börnunum að leysa úr ágreiningsmálum með því að þau læri að taka ábyrgð á eigin hegðun.



Sköpun (Aðalnámskrá 2011:22)

Nám á sér stað þegar einstaklingur vinnur með áreiti, tengir það fyrri þekkingu og skapar nýja. Sköpunarþrá á sér rætur í gleði, meðfæddri forvitni, athafnaþrá og stuðlar að frumkvæði einstaklingsins. Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi. Sköpun er að uppgötva, njóta, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Sköpun byggist á gagnrýninni hugsun og aðferðum sem opna sífellt nýja möguleika og því skiptir sköpunarferlið ekki síður máli en afrakstur verksins. Vinnubrögð í listsköpun og vísindum einkennist oft af sköpunargleði, frumkvæði og frumleika og eru æskileg í öllu námi og skólastarfi. Sköpun snýst ekki eingöngu um nýtt og frumlegt heldur og hagnýtingu þess sem fyrir er (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011: 22–23).

Í Krummafæti er mikil áhersla lögð á leikinn sem mikilvægustu náms og þroskaleið barnsins. Í frjálsum leik fær sköpunargleði barnsins að njóta sín og hamingja og gleði liggja í því að finna hæfileikum sínum farveg og njóta sín hvort sem er sem einstaklingur eða hluti af heild. Vinna með efnivið er fjölbreytt og notast starfsfólk ekki aðeins við það sem fæst í búðarhillunum heldur frekar það sem við finnum í umhverfinu og endurnýtanlega hluti úr daglegu lífi. Áherslan er ekki á útkomu listaverkanna heldur ferlið sem slíkt meðan sköpunin á sér stað.

Markmið Krummafótar til að efla og virka börn í skapandi verkefnum:

- Að börnin fái tækifæri til að vinna að fjölbreyttum verkefnum með mismunandi efnivið.
- Að veita börnunum tækifæri til að skapa í fjölbreyttum aðstæðum.
- Að örva skynjun og hugmyndaflug.
- Að börnin hafi aðgang að ýmiskonar tónlist.
- Að börnin hafi nægan tíma og rými fyrir frjálsan leik.



Leiðir:

- Að nýta allan efnivið sem við finnum til sköpunar, náttúruleg og endurnýtanleg efni eins og sand, lauf, steina, ber, fjaðrir, plastdollar, eggjabakka o.fl.
- Að nýta hvert tækifæri sem gefst til sköpunar hvort sem er úti eða inni, við borð eða á gólfi.

- Að börnin noti skynfærin á fjölbreyttan hátt, hlusti á t.d. vindinn, sjóinn eða fuglana, horfi á breytileikann í umhverfinu, gróðurinn vakna og fölna, bragða á snjónum, sjónum, hundasúrum o.fl.
- Að börnin kynnist ýmiskonar tónlist og hljóðfærum t.d. í hópastarfi og í skipulögðum stundum með tónlistarkennara.
- Að börnin læri vísur, texta, söngva og ljóð.
- Að gera ráð fyrir nægum samfelldum tíma í frjálsan leik í dagskipulaginu.



Daglegt líf í leikskólanum

.....

Móttaka og bröttför

Barnið þarf að finna að það sé velkomið á hverjum degi í leikskólanum og að nærvera þess skipti máli. Það getur haft áhrif á líðan barnsins allan daginn. Eins þarf að skapa kyrrláta og skemmtilega stund í lok dagsins svo barnið fari sátt heim og hlakki til að koma aftur. Hvert barn er kvatt þegar það fer heim.

Forstofa

Í forstofu Krummafótar fer fram mikilvægt uppeldisstarf. Mikilvægt er að örva og hvetja þau með útifötin. Jafnframt að kenna þeim að ganga frá, hengja upp og raða skóm til þess að auka sjálfstraust þeirra. Takmarkaður fjöldi barna er í forstofunni í einu svo auðveldara sé að veita hverju og einu barni athygli, aðstoða eftir þörfum og veita svigrúm til að gera sjálft. Með þessum hætti lærir barnið smám saman að klæða sig úr og í og að ganga snyrtilega frá fatnaði. Forstofan er einnig nýtt sem vettvangur til náms á ýmsum þáttum umhverfisins, t.d. hvernig veðrið er, hvernig fót þarf í dag og fleira.

Matartímar

Matmálstímar og borðhald hafa margvísleg uppeldisleg gildi. Þar gefast dýrmæt tækifæri til að styrkja góða borðsiði, almenna kurteisi, hreinlæti og samræður. Þegar börnin hafa náð þriggja ára aldri fá þau að aðstoða við frágang máltíða. Það styrkir félagsvitund barna og þau læra að meta gildi samvinnu. Í matsalnum eiga börnin sín föstu sæti og sami starfsmaðurinn situr til borðs með þeim. Í matsalnum þarf að ríkja ró og næði og börnin eru hvött til að tala saman á lágu nótonum til þess að samskipti við matarborðið gangi vel og við fáum notið samvistanna. Í æsku er hollt fæði sérstaklega mikilvægt vegna þess að á þessu tímasteiði fer fram mesti vöxtur og þroski ævinnar. Barn sem lærir að meta hollan og næringarríkan mat í æsku er líklegur til að temja sér góðar venjur síðar á lífsleiðinni. Í Krummafæti er lagt upp með að fæðan sé holl og næringarík og nái til allra fæðuflokkanna.

Hvíld

Nægjanlegur og reglulegur svefn og góð hvíld er öllum börnum nauðsynleg, ekki síst fyrstu ár ævinnar þegar vöxtur og þroski er hvað örastur. Svefn – og hvíldartímar eru því nauðsynlegir í leikskólum til að tryggja andlega og líkamlega vellíðan barnanna. Hvíldartími gefur tækifæri til að skapa tengsl við hvert einstakt barn og barnahópinn sem heild.

Hreinlæti

Mikilvægt er að börnunum sé hjálpað til við að tileinka sér almennar hreinlætisvenjur á þann hátt að þau þroski jafnframt með sér heilbrigt viðhorf til sjálfs sín, líkama síns og sérstæðis. Starfsfólki leikskóla ber að styrkja hreinlætisvenjur barnanna. Börnunum er liðsinnt eftir þörfum við að ná tökum á því að halda sér hreinum og þurrum. Þau eru hvött til að gera sem mest sjálf eftir því sem þau verða eldri og lögð er áhersla á almennar hreinlætisvenjur eins og að þvo hendur eftir klósettferðir og áður en borðað er.

Samverustundir

Í samverustundum gefst börnum og starfsfólki gott tækifæri til að eiga saman notalega stund í friði og ró. Góður tími gefst til samræðna sem byggja á opnum spurningum og hægt að hvetja börn til að færa rök fyrir máli sínu. Þar er lesið, sungið, og spjallað um það sem vekur áhuga barnanna

hverju sinni, sagðar sögur og ævintýri. Í samverustundum gefst gott tækifæri til að styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust barnanna, með því að þjálfa þau í að koma fram fyrir hópinn.

Í samverustundum læra börnin að taka tillit til annarra og hafa hljótt. Þau læra að slaka á, njóta þess að hlusta á aðra og vera saman í rólegheitum.

Útivera

Hreyfing og útivera eru samtengdir þættir. Utan dyra geta börnin leyft sér ærslaleiki, hróp og köll. Þar geta þau hlaupið, hoppað, stokkið og klifrað. Leikvellir leikskóla eiga að vera vel fallnir til alls konar hreyfileikja, bæði sjálfsprottinna og skipulagðra. Ýmsir hlaupaleikir reyna verulega á þrótt barnsins og úthald, örva hjartslátt og blóðrás.

Útivera er mikilvægur þáttur í uppeldisstarfi leikskólans þar sem grófhreyfingum er gert hátt undir höfði. Börnin fara í útivist tvisvar sinnum á dag, fyrir og eftir hádegi eða eftir því sem veður leyfir. Við leggjum áherslu á að börnin njóti útiverunnar og náttúrunnar þar sem fram fer mikil hreyfing og samskipti meðal barnanna.

Vettvangsferðir

Börn fá snemma áhuga á nánasta umhverfi sínu og áhuga þeirra og eftirtekt ber að efla. Víkka skal áhugasvið þeirra og sjóndeildarhring með skoðunarferðum í nágrenni leikskólans. Vel þarf að nýta umhverfi leikskólans til gönguferða, leikja, náttúruskoðunar og hvers konar rannsókna. Börn þurfa einnig að kynnst umferðinni og læra hegðunar- og umferðarreglur jafnskjótt og þau hafa þroska til.

Eitt aðalmarkmið allra vettvangsferða er grenndarkennsla, að veita börnum tækifæri til að kynnst sínu nánasta umhverfi og bæta við þekkingu sína og reynslu.

Hópstarf

Hópleikir og hópstarf eru mikilvægir þættir í leikskólastarfi. Megin tilgangur og markmið með hópstarfi er að börnin læri að vinna og leika sér í hóp og taka tillit til hvers annars. Í gegnum hópstarfið stuðlum við að samheldni og ábyrgðarkennd barnanna gagnvart hverju öðru og tengslamyndum þeirra við jafnaldra sína, ásamt tillitssemi og svo mörgu fleiru. Börnin læra smátt og smátt að vinna út frá ákveðnum fyrirmælum sem er góður grunnur fyrir grunnskólann síðar. Með hópstarfinu getur hver hópstjóri fylgst náið með sínum hópi, þroska og framförum hvers barns fyrir sig.

Í hópstarfinu er börnunum skipt í hópa eftir aldri. Hvað tekið er fyrir hverju sinni ræðst af hugmyndum og áhuga barnanna, því það er ferlið sem er mikilvægast, tíminn og aðferðirnar sem fara í verkið, ekki útkoman. Við reynum að virkja börnin til þess að taka þátt í því sem þau hafa áhuga á og hvetjum þau til að viðra hugmyndir sínar.

Skólahópur

Sérstaklega er unnið með elsta árganginum yfir vetrartímann í þeim tilgangi að búa þau undir grunnskólagönguna. Starfið miðast við að auka félagslega færni þeirra og hæfni til að starfa saman. Lögð er áhersla á að börnin læri nokkra stafi, læri að skrifa nafnið sitt, fari í helstu form og fyrstu tölustafina. Einnig er töluvert framboð af verkefnum sem þjálfá pennagrip og skriftarátt sem og fínhyrfingar og hugtakaskilning. Mikilvægt að leggja fyrir börnin áhugaverð og krefjandi verkefni til að viðhalda ánægju og vellíðan í leikskólanum og slík verkefni eiga einnig þátt í að styrkja sjálfsmynd þeirra.

Samstarf heimils og skóla

Foreldrasamstarf

Í Aðalnámskrá leikskóla (2011: 48–49) kemur fram að framlag foreldra og sýn þeirra á leikskólstarfið sé mikilvægur liður að velferð og vellíðan barna. Líðan barns í leikskóla er samtvinnuð velferð heimils og fjölskyldu þess. Umhyggja og velferð barna barna ætti að vera höfð að leiðarljósi þegar börn hefja leikskólagöngu. Samstarf foreldra og leikskóla þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu og skilningi fyrir þekkingu og viðhorfum hverra annarra. Mikilvægt er að þeir geti deilt sjónarmiðum, að á milli þessara aðila ríki traust og geti tekið sameiginlegar ákvarðanir sem varða einstök börn.

Markmið Krummafótar með foreldrasamstarfi er að:

- veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans
- veita foreldrum upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í leikskólaum
- afla upplýsinga um aðstæður og uppeldisviðhorf foreldra
- stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans
- rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna
- skapa umræðuvettvang fyrir skoðanaskipti um uppeldi barna.

Vegna smæðar leikskólans eru samskipti við foreldrana nán og persónuleg. Í leikskólanum viljum við stuðla að öryggi og ánægju barnsins, foreldranna og starfsfólksins því slíkt tryggir vellíðan og eykur getu til náms. Við leggjum áherslu á jákvæð samskipti við foreldrana og markvisst upplýsingarflæði milli heimils og leikskólans. Við setjum okkur það að markmiði að auka þátttöku foreldra í starfi leikskólans og þannig stuðla að velferð hans. Upplýsingar sem fylgja barninu í leikskólann eru skráðar í dagbók jafn óðum til að auðvelda starfsfólki markviss vinnubrögð. Upplýsingar sem þurfa að komast til skila til foreldra um hvern dag eru skráðar á upplýsingatöflu sem hangir frammi í forstofu.

Aðlögunartími

Þegar barn byrjar í leikskóla er það stór stund í lífi bæði þess og foreldranna. Allt er framandi og ókunnugt og því er mikilvægt að vel sé staðið að aðlögun í upphafi. Hvernig til tekst í upphafi getur haft áhrif á alla leikskólagöngu barnsins. Að byrja í leikskóla hefur í för með sér ýmsar breytingar fyrir barnið. Það þarf að aðlagast nýju umhverfi, nýju fólki, læra að vera í hóp og fara eftir reglum og fleira. Aðlögunartímabilið er góður tími fyrir barn og foreldra að kynnast starfsfólki leikskólans og starfsemi hans.

Í dag er ríkjandi hugmynd innan leikskólafræðanna að leikskólinn sé ekki staðgengill heimilisins og starfsfólkið þar af leiðandi ekki staðgenglar foreldra. Leikskólinn er samfélag þar sem fullorðnir og

börn byggja upp þekkingu saman, staður námstækifæra. Barnið tekur virkan þátt í að móta umhverfi sitt og þekkingu. Í þeim anda er hin nýja aðlögun sem nefnd hefur verið þátttökuaðlögun.

Þátttökuaðlögun

Leikskólinn er samfélag þar sem börn og fullorðnir byggja upp þekkingu saman og staður námstækifæra. Barnið tekur virkan þátt í að móta umhverfi sitt og þekkingu. Í þeim anda er þátttökuaðlögunin. Hún byggist á því að ekki er verið að venja barnið við að vera skilið eftir í leikskólanum, heldur er það að læra að vera í nýjum aðstæðum.

Þátttökuaðlögun byggir m.a. á þeirri trú að foreldrar yfirfæri eigin öryggiskennd og forvitni í þessum nýju aðstæðum á börnin sín. Með því að foreldrar séu þátttakendur frá fyrsta degi öðlast þeir öryggi um dagskipulagið og það nám sem fram fer í leikskólanum. Þeir kynnast kennurunum, öðrum börnum og foreldrum. Hugmyndafræðin á bak við þetta nýja ferli aðlögunar er Öruggir foreldrar = örugg börn

Þátttökuaðlögun byggir á að foreldrar eru með börnum sínum í þrjá daga :

- Dagur 1 frá kl: 9.00 -11.00
- Dagur 2 frá kl: 8.30 – fram undir hádegi/að svefni
- Dagur 3 frá kl: 8.00 – fram yfir hádegi

Foreldrar eru inni á deild með börnum sínum allan tímann (nema þegar þau sofa). Foreldrar sinna börnum sínum, skipta á þeim, gefa þeim að borða, leika með þeim og eru til staðar. Kennararnir eru virkir þátttakendur í aðlöguninni, þeir skipuleggja daginn og útdeila verkefnum.

Á fjórða degi koma börnin á sínum tíma um morguninn og kveðja foreldrana fljótlega ef allt hefur gengið að óskum, annars er hver aðlögun einstök og gæti tekið lengri tíma.

Dagleg samskipti

Dagleg samskipti eru mest þegar komið er með barnið í leikskólann og það sótt og því er það afar mikilvægur tími. Gagnkvæmar upplýsingar milli foreldra og starfsmanna eru grunnur að góðu samstarfi þeirra á milli. Nauðsynlegt er að foreldrar gefi leikskólakennara upplýsingar um hagi barnsins og láti vita af öllum breytingum á högum þess og fræðast jafnframt um starf deildar. Eins að þeir fylgist með starfinu sem fram fer innan veggja leikskólans.

Þátttaka foreldra í leikskólastarfi

Við leikskólann er starfandi foreldrafélag og verða allir foreldrar sjálfkrafa félagar um leið og barnið byrjar í leikskólanum. Markmið foreldrafélagsins er að efla tengsl foreldra við starf leikskólans og tryggja velferð barnanna. Aðalfundur félagsins er haldinn í september ár hvert.

Foreldrum er gefinn kostur á að ræða við leikskólakennara um hagi barnsins þegar þeir óska þess. Foreldrar þurfa að fá upplýsingar um stöðu barns og líðan þess í leikskóla. Fara ber með allar upplýsingar um barnið sem trúnaðarmál (Aðalnámskrá leikskóla, 2011:48–49). Við upphaf leikskólagöngu í Krummafæti eru foreldrar boðaðir í samtal við leikskólastjóra. Meðan barnið er í leikskólanum eru foreldrar boðaðir í foreldrasamtöl einu sinni á vetri, í afmælistánuði barnsins, nema sérstök ástæða þyki til annars. Í þessum samtölum er m.a. rætt um upplifun og líðan barnsins í leikskólanum, þroska og hvernig því gengur í starfinu. Foreldrar eru alltaf velkomnir í leikskólann til þess að taka þátt í því starfi sem þar fer fram. Foreldrar eru sérstaklega beðnir um að sýna áhuga á foreldrakaffi, foreldrafundum, uppákomum, ferðum og öðrum viðburðum.

Almennar upplýsingar og fræðsla

Leikskólinn veitir foreldrum barna upplýsingar og fræðslu um leikskólastarfið með upplýsingum af ýmsu tagi. Í forstofu er upplýsingatafla, við gefum út fréttabréf einu sinni til tvisvar á ári eða að hausti áður en starfið hefst og svo aftur eftir áramótin. Einnig notum við samfélagsmiðla og erum t.d með facebooksíðu sem er opin fyrir foreldra og ömmur og afa. Þar setjum við inn tilkynningar um viðburði og annað sem tengist starfsemi leikskólans. Heimasíðan hefur að geyma allar helstu upplýsingar um leikskólann. Þar eru jafnframt líka settar inn helstu fréttir af starfinu hverju sinni bæði myndir af starfinu, viðburðum, dagatal fyrir hvern mánuð og matseðill .

Stjórnun og stjórnunarhættir

Þegar skólanámskráin er öllu starfsfólki ljós þarf leikskólastjórinn ekki stöðugt að hafa áhyggjur af stefnumiðunum og starfsmannhópnum. Leikskólastjórinn gegnir lykilhlutverki í þróun leikskólastarfsins, hann skapar aðstæður sem stuðla að því að auka hæfni starfsmanna og betri leikskólamenntun barna.

Fundir

Leikskólastjóri ber ábyrgð á að starfsmannafundir séu haldnir og stjórnar þeim. Starfsmannafundir eru sex sinnum á ári í tvo klukkutíma í senn. Fyrir hvert skólaár eru fundirnir skipulagðir fram í tímann. Allir starfsmenn hafa rétt á að koma með efni sem þeir vilja að tekið sé fyrir. Á fyrsta fundi hvers skólaárs er kosinn ritari og fundarstjóri sem sjá um að halda utan um fundargerð.

Markmið starfsmannafunda:

- Að koma á framfæri upplýsingum um það sem er að gerast.
- Að skapa foresendur fyrir umræður um starfið og starfshætti leikskólans.
- Að starfsmenn fái fræðslu og endurmenntun til að viðhalda færni sinni í starfi og kynnist nýjungum í leikskólastarfi.

Boðleiðir

Leikskólastjóri kynnir nýjungar í starfi og miðlar þekkingu og upplýsingum til starfsmanna. Leikskólastjóra ber að sjá til þess að boðleiðir séu skýrar innan skólans. Leikskólastjóri gerir starfsáætlun fyrir árið. Ársáætlun um dagskrá leikskólans er kynnt öllu starfsfólki leikskólans. Leikskólastjóri kemur upplýsingum til deildarstjóra, foreldra og starfsmanna í daglegum samskiptum. Í samskiptabók er upplýsingum komið á framfæri sem varðar starfsemi, börn, foreldra og starfsfólk. Foreldrar fá skipulag hvers mánaðar sent í tölvupósti. Upplýsingar um innra starf og hvað er að gerast frá degi til dags fást á dagatali og með daglegum samskiptum sem fara fram á milli starfsfólks og forleðra í forstofu og annars staðar í leikskólanum.

Samstarf

Leikskólastjóri skapar aðstæður fyrir gott samstarf á milli starfsfólks og foreldra. Leikskólastjóri stuðlar einnig að samstarfi við grunnskólann þannig að það skapist góð tengsl milli skólastiga og samfella myndist í námi barnsins.

Verkaskipting og ábyrgðasvið

Leikskólastjóri stjórnar daglegri starfsemi leikskólans, hann ber rekstrarlega sem og faglega ábyrgð á starfi leikskólans. Starfsmannahópur sem vinnur samhent starf til árangurs þarf að koma sér saman um verkaskiptingu innan leikskólans og skilgreina starfshlutverk hvers og eins. Með því að virkja aðra stjórnendur innan leikskólans til þátttöku og ábyrgðar í rekstrarlegum umræðum og ákvörðunum er auðveldara að gæta hagræðis í rekstri.

* Leikskólastjóri ber rekstarlega og faglega ábyrgð á leikskólanum.

* Deildarstjóri stjórnar daglegum rekstri og fer með starfsmannastjórnun.

*Hver starfsmaður hefur ákveðið ábyrgðarhlutverk innan leikskólans og stjórnast það af mannauði leikskólans hverju sinni hver velst í hvaða hlutverk. Flestir starfsmenn stýra hópstarfi og bera ábyrgð á því að skipuleggja það. Allir starfsmenn bera ábyrgð á starfsmannastefnu leikskólans og daglegum samskiptum við foreldra og börn.

Starfsmannasamtöl

Í starfsmannasamtölum eru ræddar kröfur og væntingar starfsmannsins og leikskólans. Markmið og tilgangur rætt sem og árangur og þróun í starfi, starfsumhverfi, starfssvið og aðstæður og annað. Í starfsmannasamtölum gefst tækifæri til að veita stuðning og gefa uppbyggilega gagnrýni. Leikskólastjórinn gerir starfsmanni sínum grein fyrir þeim væntingum og kröfum sem leikskólinn gerir til hans. Starfsmannasamtöl eru tekin einu sinni á ári.

Faglegur og rekstrarlegur stuðningur

Leikskólastjóri sér til þess að leitað sé aðstoðar sérfræðinga, hvort heldur er um að ræða fyrir einstök börn eða leikskólann í heild. Þegar um er að ræða einstök börn er óskað eftir leyfi foreldra áður en sérfræðingur er fenginn.

Á fjölskyldudeild Akureyrarbæjar eru starfandi ráðgjafar sem sinna málefnum barna með sérþarfir. Þar er hægt að óska eftir aðstoð vegna frávika í þroska og hegðun barna.

Á skóladeild Akureyrarbæjar er hægt að leita aðstoðar vegna rekstrarlegra þátta og almennra stjórnunarpátta.

Mat á leikskólastarfi

Í reglugerð um starfssemi leikskóla segir að sérhver leikskóli skuli móta aðferðir til að meta uppeldisstarf, stjórnunarhætti og samskipti bæði innan leikskólans og utan. Mat skal gert með hliðsjón af lögum, reglugerð og aðalnámskrá leikskóla. Sérstaklega skal gera grein fyrir framkvæmd og niðurstöðum matsins. Mat á leikskólastarfi er liður í þróun og vexti skólans og tengist markmiðum hans og áætlunum. (Reglugerð um starfsemi leikskóla nr 225/1995:25. og 26 gr.)

Matsáætlun

Leggur faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og er leið til að vinna kerfisbundið að því að auka gæði skólastarfsins og gera það skilvirkara. Í sjálfsmati skal taka mið af markmiðum og stefnu leikskólans og lýsingu á leiðum til að ná þeim. Sjálfsmatið gerir starfsfólki auðveldara að vinna að markmiðum leikskólans.

Innra mat

- * Viðhorfskönnun til foreldra send út og þeim kynntar niðurstöður.
- * Færnisskema barna fyllt út og farið yfir það með foreldrum.
- * Í daglegu starfi á hver og einn starfsmaður stöðugt að meta starf sitt.

Við innra mat á leikskólastarfi skulu eftirfarandi atriði athuguð:

Börn	Skólanámskrárgerð
Starfsfólk	Stjórnunarhættir
Samskipti	Samskipti og tengsl utan leikskólans
Líðan	Samstarfsverkefni og þróunarstarf
Leikur	Húsnæði/lóð, útileikskvæði og búnaður
Námsvið leikskóla	Samstarf heimilis og skóla

Ytra mat

Menntamálaráðuneytið lætur, samkvæmt lögum um leikskóla, fara fram skipulegt ytra mat a.m.k. á einum leikskóla á ári. Ytra mat er úttekt á starfsemi leikskólans sem gerð er af utanaðkomandi aðilum, svo sem foreldrum.

Rekstraraðili leikskóla getur einnig látið framkvæma slíkt mat. Mati er ætlað að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga og reglugerðar og í samræmi við aðalnámskrá leikskóla.

Öryggismál

Foreldrar eiga að geta treyst því að öryggi barns sé tryggt af fremsta megni á meðan á dvöl stendur. Barnið skal ætíð vera undir gæslu þannig að það hvorki skaði sjálft sig né aðra í leikskólanum.

Slys

Fyrstu viðbrögð við slysum byggja á þekkingu, þjálfun og reynslu starfsmanna. Öll slys eru skráð á þar til gerð eyðublöð. Í öllum slysatilfellum þar sem vafi er á um greiningu er hringt á slysadeild og leitað ráða. Foreldrar eru látnir vita og hafðir með í ráðum eftir aðstæðum.

- Allur búnaður, húsnæði og lóð skal yfirfarið einu sinni á ári af einum starfsmanni leikskólans og einum frá Grýtubakkahreppi. Við verkið skulu notaðir þar til gerðir gátlistar. Fyrirbyggjandi aðgerðir gerðar svo ekki verði óhöpp og slys.
- Allir starfsmenn hafi undirstöðuþekkingu í skyndihjálpi og fari á námskeið þriðja hvert ár.
- Gott samstarf við eldvarnareftirlit og slökkvulið um brunavarnir og viðbrögð við bruna.
- Rýmingaráætlun kynnt starfsfólki einu sinni á ári.

Ábyrgð

Leikskólastjóri ber höfuðábyrgð á öryggismálum sem varða börnin.

Skráning slysa: Deildarstjórar

Umsjón með sjúkrakössum: Leikskólastjóri

Umsjón með lóð: Deildarstjórar

Verklag

Ef slys verður á alltaf að kalla til leikskólastjóra og deildarstjóra.

- Ef mikil hálfka er skal gera viðeigandi ráðstafanir, sandbera lóðina, ath skófatatnað barnanna o.fl.
- Ætíð skal leikskólalóðin yfirfarin að morgni áður en börnin fara út. Á sumrin sérstaklega með tiliti til hættulegra aðskotahluta, glerbrota o.fl. Á veturna skal sérstaklega skoða hálfku, vatnspolla og snjó hjá neyðarútgöngum.
- Deildarstjórar skulu haga starfseminni þannig að börnin séu ekki ein í lokuðu herbergi.
- Starfsmenn deilda skulu skrá komu barns um leið og barnið mætir. Ef yfirgefa þarf húsið vegna náttúruhamfara eða bruna skulu starfsmenn taka með sér mætingarlista.
- Alltaf skal athugað að greið leið sé um brunaop og aðra neyðarútgana. Muna að moka snjó frá og athuga að gluggar séu ekki frofnir aftur.

Áfallahjálp

- Andlegum áföllum barnanna er sinnt eins og best verður við komið hverju sinni.

Verklagsreglur

Markmið:

- Að geta brugðist rétt við þeim áföllum sem börn og starfsmenn verða fyrir.
- Að koma í veg fyrir óöryggi og ráðaleysi starfsmanna.
- Að hjálpa hvert öðru að takast á við sorg og áföll sem gerast innan leikskólans eða sem hafa áhvirf á leikskólann.
- Að efla þekkingu starfsmanna á sorg á áföllum.

Tilgangur:

- Að vera öruggari í starfi.
- Að starfsmenn séu betur í stakk búnir til að veita börnum og starfsmönnum aðstoð í erfiðleikum þeirra.
- Til að styrkja getu okkar til að takast á við sorg og missi.

Ábygð:

- Í áfallateymi eru leikskólastjóri og deildarstjóri.

Verklag:

- Ef starfmaður féttir af einhverju áfalli sem tengist leikskólanum skal hann strax láta leikskólastjóra vita. Hann sér um að stilkynna starfsfólkinu strax hvað hefur gerst.
- Ef andlát eða önnur stór áföll verða um helgi, þá skal strax hringja í starfsmenn og láta vita.
- Allir starfsmenn leikskólans fá námskeið/fræðslufund um sorg/sorgarviðbrögð þriðja hvert ár.
- Stjórnendur skulu leita aðstoðar til djákna/prests ef þörf þykir.

Tilvísanir:

- Efni um sorg og sorgarviðbrögð eru geymd á skrifstofu Krummarfótar.

Brunavarnir

Gott samstarf þarf að vera við eldvarnaeftirlit og slökkvilið um brunavarnir og viðbrögð við bruna. Starfsmenn kynna sér vel brunaútgönguleiðir, staðsetningu slökkvitækja og notkun þeirra og æfa rýmingu leikskólans.

Aðgerðir í eldsvoða

1. Komið öllum börnum út úr húsinu, grípið mætingarlista með.
2. Hringið í neyðarlínu 112.
3. Öll börnin eru talin á hólnum áður en farið er út af lóðinni.
4. Farið með börnin á Grenilund og hlúið að þeim.
5. Hringið í foreldra barnanna og látið vita af aðstæðum.

Undir engum kringumstæðum reynið þið að bjarga eignum ykkar eða leikskólans. Við þessar aðstæður eru það mannlífin sem gilda.

Ef eldsvoða ber að

Ef eldur kviknar í leikskólanum fer brunavarnarkerfi leikskólans af stað og gefur merki beint inn til Securistas á Akureyri. Þaðan er hringt í slökkviliðstjóra Grýtubakkahrepps, slökkviliðsmenn og leikskólastjóra. Mikilvægt er að bregðast fljótt við og koma börnum út úr húsinu. Leikskólinn er úr timbri og eldur fljótur að breiðast út. Mætingarlistinn er það eina sem huga má að, hann er öryggisatriði, því á honum má sjá hvaða börn eru í húsinu og hver ekki. Muna þarf að börn eiga það til að fela sig ef þau verða hrædd. Leitið á öllum hugsanlegum og óhugsanlegum stöðum að börnum og verið viss um að öll börn séu komin út á hól leikskólans áður en farið er af lóðinni. Fara skal með börnin á Grenilund þar sem starfsfólk er og þau eru innandyra og fjarri leikskólanum. Gott væri að hver starfmaður tæki fimm til sex börn með sér og færi með þau, líkt og um gönguferð væri að ræða, á áfangastað. Yngstu börnin þyrftu að komast í bíl. Þarna skipta skjót viðbrögð öllu máli sem og heilbrigð skynsemi.